**6.4.2024**

**Fagdeild fjölmenningarfélagsráðgjafa**

Skýrsla vegna starfsársins 2025-2026 (maí 2025 – apríl 2026)

Síðastliðið starfsár hafa eftirfarandi aðilar verið í forsvari fyrir fagdeild Fjölmenningarfélagsráðgjafa: Helena Wolimbwa, Hilma Hólmfríður Sigurðardóttir og Jódís Bjarnadóttir (ákveðið á opnum fundi fagdeildar 22. ágúst 2025). Fleiri mættu á reglulega fundi fagdeildarinnar og komu m.a. að skipulagningu bæði málþings sem haldið var í nóvember og skipulagningu málstofu á Félagsráðgjafaþinginu í febrúar.
Reglulegir fundir hafa verið haldnir bæði rafrænir fundir og staðfundir þar sem tímanum hefur að mestu verið varið í að skipuleggja viðburði á vegum fagdeildarinnar.
Þann 18. nóvember sl. hélt fagdeildin málþing á Grand hótel en yfirskrift málþingsins var "Heimurinn er hér – samfélag í mótun – Hvert stefnum við?". Málþingið var ágætlega sótt og skapaðist góð og gagnleg umræða um málefni flóttafólks á Íslandi. Á málþinginu var Eddu Ólafsdóttur félagsráðgjafa þakkað góð störf fyrir fagdeildina en hún er einn af stofnendum hennar.
Fagdeildin tók einnig þátt bæði í Félagsráðgjafaþinginu í febrúar og á vinnustofu á vegum Félagsráðgjafafélag Íslands bæði í haust í aftur núna í mars.
Þann 28. maí er í bígerð fundur þar sem boðað verður til samtals um málaflokkinn meðal félagsráðgjafa, óskað eftir fleirum til að taka virkan þátt í fagdeildinni, lagður verður grunnur að starfsári næsta vetrar og stutt innlegg verða um það sem helst er á döfinni í málaflokknum.

f.h. fagdeildar fjölmenningarfélagsráðgjafa